



21. október 2024

Tilv.: 2303149

Dreifibréf nr.: 27/2024

Til aðila á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafa, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 25/2023 og lífeyrissjóða sem bjóða upp á lágmarkstryggingavernd í skilningi laga nr. 129/1997, Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu og Landssamtaka lífeyrissjóða.

Efni: Reglur um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu nr. 1023/2024.

Seðlabanki Íslands hefur gefið út reglur um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu nr. 1023/2024.¹ Reglurnar taka gildi 1. desember 2024 og leiða í íslenskan rétt tvær framseldar reglugerðir Evrópusambandsins um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu; annars vegar framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1288 frá 6. apríl 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088², og hins vegar framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/363 frá 31. október 2022,³ sem bætir við og breytir fyrrgreindri framseldri reglugerð. Reglurnar eru settar með stoð í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.

Reglurnar gilda um aðila á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafa, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 25/2023. Þó reglurnar gildi án takmarkana gagnvart þeirri starfsemi lífeyrissjóða er snýr að viðbótartryggingavernd, gilda eingöngu ákvæði 4.-10. gr. og 12. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/1288 um lífeyrissjóði sem bjóða upp á lágmarkstryggingavernd þegar þeir birta upplýsingar skv. 3.-5. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (*SFDR reglugerðin*). Reglurnar voru birtar í Stjórnartíðindum þann 30. ágúst sl.⁴

Framseldu reglugerðirnar innihalda tæknilegan eftirlitsstaðal til fyllingar ákvæðum SFDR reglugerðarinnar, sem var leidd í íslenskan rétt með 1. tölul. 2. gr. laga nr. 25/2023. Framseldu reglugerðirnar varða efni og framsetningu upplýsinga í tengslum við meginregluna um að „valda ekki verulegu tjóni⁵“, tilgreina efni, aðferðafræði og framsetningu upplýsinga í tengslum við sjálfbærnivísa og neikvæð áhrif á sjálfbærni og efni og framsetningu upplýsinga í tengslum við eflingu umhverfislegra eða félagslegra þátta og markmið um sjálfbæra fjárfestingu í skjölum áður en samningur er gerður, á vefsíðum og í reglubundnum skýrslum. Í viðaukum framseldu reglugerðarinnar (ESB)

¹ Sbr. umræðuskjal Seðlabanka Íslands nr. 3/2024 (*Umræðuskjöl | Fjármálaeftirlitið (fme.is)*), sem tilkynnt var með dreifibréfi nr. 18/2024. Engar umsagnir bárust Seðlabankanum.

² Sjá bls. 128: [su-nr-58-is-01-08-2024.pdf \(efta.int\)](#)

³ Sjá bls. 200: [su-nr-58-is-01-08-2024.pdf \(efta.int\)](#)

⁴ [stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=4d694726-b27f-415c-935a-b501bf26f5a5](#)

⁵ Meginreglan um að „valda ekki verulegu tjóni“ tengist upplýsingagjöf um helstu neikvæðu áhrif fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti. Upplýsingar um fjármálaafurðir varðandi meginregluna um að „valda ekki verulegu tjóni“ útskýra hvernig tekið hefur verið tillit til vísa um neikvæð áhrif.

2022/1288 er að finna sniðmát fyrir yfirlýsingu um helstu neikvæðu áhrif á sjálfbærni, sniðmát fyrir upplýsingagjöf áður en samningur er gerður um tiltekna fjármálaafurðir og sniðmát fyrir reglubundna upplýsingagjöf um tiltekna fjármálaafurðir.

Með dreifibréfi þessu beinir fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands því til ofangreindra aðila að hefja undirbúning fyrir gildistöku krafna reglugerðar (ESB) 2022/1288, eins og henni var breytt með reglugerð (ESB) 2023/363.

Ef spurningar vakna vegna þessa dreifibréfs er hægt að senda þær á netfangið: sedlabanki@sedlabanki.is.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Linda Kolbrún Björgvinsdóttir
framkvæmdastjóri
háttsemiseftirlit

Erna Ágústsdóttir
lögfræðingur
háttsemiseftirlit

